

## REGLUGERÐ

### um (19.) breytingu á reglugerð nr. 672/2008 um hámarksgildi varnarefnaleifa í matvælum og fóðri.

#### 1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í II. kafla I. viðauka og XII. kafla II. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. og II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli eftirtalinna ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast eftirfarandi ESB-gerðir gildi hér á landi:

1. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 289/2014 frá 21. mars 2014 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir foramsúlfúrón, asímsúlfúrón, joðsúlfúrón, oxasúlfúrón, mesó-súlfúrón, flasasúlfúrón, ímasósúlfúrón, própamókarb, bífenasat, klórprófam og þíóbenkarb í eða á tilteknum afurðum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 212/2014, frá 1. nóvember 2014. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 73, frá 4. desember 2014, bls. 272.
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 318/2014 frá 27. mars 2014 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir fenarímól, metaflúmísón og teflúbensúrón í eða á tilteknum afurðum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 212/2014, frá 1. nóvember 2014. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 73, frá 4. desember 2014, bls. 307.
3. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 364/2014 frá 4. apríl 2014 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir fenpýroxímat, flúbendíamíð, ísópýrasam, kresoxímmeþýl, spiró-tetramat og þíaklópríð í eða á tilteknum afurðum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 212/2014, frá 1. nóvember 2014. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 73, frá 4. desember 2014, bls. 337.
4. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 398/2014 frá 22. apríl 2014 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir benþíavalíkarb, sýasófamið, sýhalófópbútýl, forklórphenúrón, pýmetrósín og silþíófam í eða á tilteknum afurðum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 212/2014, frá 1. nóvember 2014. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 73, frá 4. desember 2014, bls. 371.
5. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 491/2014 frá 5. maí 2014 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir ametókradín, asoxýstróbín, sýkloxýdím, sýflútrín, dínótefúran, fenbúkónasól, fenvalerat, flúdíoxóníl, flúópýram, flútríafól, flúxapýroxað, glúfosínat-ammóníum, imídaklópríð, indoxakarb, MCPA, metoxýfenósíð, penþíópýrað, spínétóram og trifloxýstróbín í eða á tilteknum afurðum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 257/2014, frá 13. desember 2014. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 8, frá 5. febrúar 2014, bls. 214.
6. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 588/2014 frá 2. júní 2014 um breytingu á III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir appelsínuolíu, Phlebiopsis gigantea, gibberellsýru, Paecilomyces fumosoroseus af stofni FE 9901, Spodoptera littoralis-kjarnmargflötungaveiru, Spodoptera exigua-kjarnmargflötungaveiru, Bacillus firmus I-1582, S-absísínsýru, L-askorbínsýru og Helicoverpa armigerakjarnmargflötungaveiru í eða á tilteknum afurðum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 257/2014, frá

13. desember 2014. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 8, frá 5. febrúar 2015, bls. 305.
7. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 617/2014 frá 3. júní 2014 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir etoxýsúlfúrón, metsúlfúrónmetýl, níkósúlfúrón, prósúlfúrón, rim-súlfúrón, súlfósúlfúrón og þífensúlfúrónmetýl í eða á tilteknum afurðum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 257/2014, frá 13. desember 2014. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 8, frá 5. febrúar 2015, bls. 307.
8. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 703/2014 frá 19. júní 2014 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asíbensólar-S-metýl, etoxýkín, flúsílasól, isoxaflútól, mólínat, própoxýkarbasón, píraflúfenetýl, kínóklamín og varfarín í eða á tilteknum afurðum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 257/2014, frá 13. desember 2014. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 8, frá 5. febrúar 2015, bls. 347.
9. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 737/2014 frá 24. júní 2014 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir 2-fenýlfenól, klórmekvat, sýflúfenamíð, sýflútrín, díkamba, flúópíkólíð, flútríafól, fosetýl, indoxakarb, ísóprópiólan, mandíprópamíð, metaldehýð, metkónasól, fosmet, píklóram, própýsamíð, píriproxýfen, saflúfenasíl, spínósað og trifloxýstróbín í eða á tilteknum afurðum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 257/2014, frá 13. desember 2014. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 8, frá 5. febrúar 2015, bls. 395.

## 2. gr.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar vegna matvælaeftirlits sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

## 3. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

## 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli.

## 5. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 9. febrúar 2015.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Ólafur Friðriksson.**

*Eggert Ólafsson.*